

Fundargerð Nemendaráðs ÖSE

Miðvikudagur 8. mars 2023

Mætt voru:

Kennarar: Anna Pála, Ragnheiður.

8.bekkur: Bergur, Agla, Arna og Patt.

9.bekkur: Huguína, Danijela, Embla, Elisabeth og Aðalheiður.

10.bekkur: Arnaldur, Auður, Styrmir, Helga, Tómas, Þórunn, Ninja og Margrét.

7. bekkur: Unnar, Stefán, Kári, Erna og Sóley.

Gestir á fundi: Sigrún Erla deildarstjóri og Malla námsráðgjafi.

Málefni fundar:

- Fundur var settur kl.12:00
- Fresta þarf Klæða-glæða deginum til 20. mars.
- Rætt var um umgengni í álmunni. Umgengni hefur versnað þrátt fyrir að nemendaráðsfulltrúar í 10.b. hafi gengið í allar stofur á unglingsstigi og rætt við nemendur. Niðurstaðan og eina lausnin er að senda unglingsstigið út í frímínútur. Stjórnendur ætla að sjá um framkvæmd og að koma skilaboðunum um þetta til foreldra og nemenda.
- Sigrún Erla kynnti Barnaþing Kópavogs og fór yfir niðurstöður skólamenningarfundar.
 - ÖSE fulltrúar drógu saman niðurstöður í tvær tillögur sem fara á Barnaþing.
 - 1) Aukin áhersla á list- og verkgreinar.
 - 2) Nemendur vilja fá tækifæri til þess að ræða við kennara um námsframvindu sína. Einstaklingsviðtöl.
 - Varatillaga: Að sundkennsla verði valfrjáls.
 - Nemendur sem buðu sig fram á Barnaþing sögðu af hverju þeir vildu taka þátt í þinginu áður en kosning fór fram.
 - Úrslit: Unnar Búi og Kári Rafnar (7.b.). Styrmir fer á þingið og Tómas verður til vara. Sigrún Erla kannar hvort Helga geti líka farið á barnaþingið.
- Helga stýrði hópefli í lok fundar, áður en úrslit kosninga voru kynnt.
- Fundi slitið kl.13:15

Framundan:

- Árshjólíð.
- Vinna með fyrirmyndir.
- Sjoppa í matsal.
- Spil í álm.
- Skólahreysti.
- Klæða glæða dagur 20. mars.

Fundarritari: Margrét Ólöf Kusse Soka.